



Rannsóknastöðin Rif: Haustbréf 2017


Aðalbraut 16, 675 Raufarhöfn | Sími: +(354) 856 9500 | Netfang: rif@rifresearch.is, | www.rifresearch.is

Rannsóknastöðinni Rif, sem stofnuð var 2014, er ætlað að skapa jarðveg fyrir rannsóknir og þekkingarsöfnun á Melrakkaslétu og Raufarhöfn. Byggir þetta á náttúrufarslegri sérstöðu svæðisins og hvaða áhrif loftslagsbreytingar og aukin umsvif mannsins hafa á vistkerfi norðurslóða. Markmið stöðvarinnar er þrjúþætt:

- Að efla og auka náttúrurannsóknir á Melrakkaslétu
- Að safna saman, halda utan um og miðla upplýsingum um náttúrufar á svæðinu
- Að styðja nærsamfélagið

Starfsemi

Það sem af er árs 2017 er fjöldi gesta og gistinátta nokkru minni en á síðasta ári. Hinsvegar hefur orðið mikil aukning ef litið er til fjölda sjálfstæðra verkefna (sjá mynd að neðan). Töluvert fleiri hópar hafa sótt stöðina heim í ár en í fyrra og því mikil gróska í vöktun og rannsóknum.



Stundaðar voru ýmiskonar athuganir, s.s. á sviði skordýra-, fugla-, atferlis-, vist- og fornleifafræði en um er að ræða bæði innlenda og erlenda aðila. Meðal annars bárust 7 umsóknir til stöðvarinnar í gegnum fjölþjóðlegan aðgang [INTERACT](#) samstarfsins og voru þrjár þeirra samþykktar.



Mikko Savolainen kemur fyrir lírgildrum til rannsóknar á frjóberasamskiptum á Melrakkaslétu. Mikko er einn þeirra vísindamanna sem nýtti sér fjölþjóðlegan aðgang INTERACT samstarfsins fyrir rannsóknir sínar.

Rannsóknastöðin hefur staðið í ýmsum öðrum verkefnum á árinu. M.a. var þróað fræðsluverkefni í samstarfi við Grunnskóla Raufarhafnar. Er markmiðið að auka umhverfisvitund nemenda og kynna fyrir þeim framkvæmd, tilgang og mikilvægi vöktunar og rannsókna. Lögð var áhersla á að nýta sérstöðu nærumhverfisins í þessu samhengi og tengingu þess við málefni norðurslóða.



Nemendur Grunnskóla Raufarhafnar rannsaka gróðurfar á Melrakkaslétu og safna sýnum til greiningar.

Uppbygging er hafin á bættri rannsóknaaðstöðu sem er liður í aukinni þjónustu við gesti stöðvarinnar. Styrkur fékkst í gegnum verkefni Byggðastofnunar „[Raufarhöfn og framtíðin](#)“ til kaupa á innréttingu og rannsóknabúnaði, m.a. víðsjá með myndbandsbúnaði. Jafnframt því að nýtast til vísindarannsókna mun aðstaðan auka sérstöðu svæðisins og nýtast nenum í náttúru- og raunvísindum á öllum skólastigum. Uppbyggingin er unnin í samstarfi við skólastjórnendur Grunnskóla Raufarhafnar og fræðslunefnd Norðurlands.

Í sumar fór af stað smádyravöktun á landi Rifs í samstarfi við Náttúrufraeðistofnun Íslands. Verkefnið er afar spennandi þar sem um söfnun grunngagna af svæðinu er að ræða.



Matthías Alfreðsson, skordýrafræðingur hjá NÍ við uppsetningu s.k. Malaise gildru á landi Rifs. Einnig voru settar upp hefðbundnar fallgildrur en óhætt er að segja að tölvart af gögnum hafi safnast í sumar.

Forstöðumaður og stjórnarmenn Rifs tóku þátt í fyrsta fundi [INTERACT](#) á árinu 2017, en INTERACT er öflugt samstarfsnet rannsóknastöðva á norðurslóðum. Sérstakir vinnupakkar samstarfsins voru kynntir á fundinum en Rif er beinn þátttakandi í þremur þeirra ([sjá frétt á heimasíðu Rifs](#)). Þá tók Rif þátt í fagnefnd [Vistís](#), árlegrar ráðstefnu Vistfræðifélags Íslands.

INTERACT Vinnupakki 7 og samstarf við CAFF

Rif er ein þriggja stöðva innan INTERACT samstarfsins sem er meðlimur í sérstökum vinnupakka ([nr. 7](#)) um bættu og samræmda vöktun á líffræðilegum fjölbreytileika á norðurslóðum. Mun stöðin taka þátt í að byggja upp og framkvæma CBMP-vöktunaráætlunina ([Circumpolar Biodiversity Monitoring Program](#)) sem er lykilverkefni CAFF ([Conservation of Arctic Flora and Fauna](#)). Hinar tvær stöðvarnar í verkefninu eru [CHARS](#) í Kanada og [Zackenberg](#) á Grænlandi. Rif er þó í raun eina stöðin sem mun byggja áætlunina upp frá grunni eftir nákvæmum forskriftum verkefnisins. Fyrsti fundur vinnupakkans var haldinn á Raufarhöfn nú í ágúst s.l. þar sem forsvarsmenn CAFF skrifstofunnar, CBMP verkefnisins, og þeirra þriggja rannsóknastöðva sem koma að verkefninu gerðu áætlanir um uppbyggingu vöktunar á Rifi.



Þátttakendur í fyrsta fundi INTERACT vinnupakka 7 sem haldinn var á Raufarhöfn í ágúst s.l. Hér sést hópurinn fyrir framan gamla íbúðarhúsið að Rifi á Melrakkaslettu.

Rif og CAFF skrifstofan hafa einnig gert með sér samning um að stöðin sjái um samhæfingarstjórn fyrir þurrlandisvöktunarhóp CBMP í tengslum við skrif vísindagreina um stöðu líffræðilegs fjölbreytileika á norðurslóðum og viðamikillar skýrslu um sama efni sem stefnt er á að komi út árið 2019.

Fjárhagur og verkefnastaða

Stöðin naut á árinu góðs af tímabundnu framlagi á fjárlögum, rekstrarstyrk frá Utanríkisráðuneytingu og uppbyggingarstyrk frá [Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra](#). Fjármagn barst í gegnum INTERACT samstarfið til að standa straum af kostnaði við þátttöku í verkefnum samstarfsins svo og til uppbyggingar vöktunar á Melrakkaslettu út frá hugmyndum CBMP. [Sprotasjóður](#) veitti styrk til áframhaldandi

framkvæmdar fræðsluverkefnis stöðvarinnar en síðari áfangi þess verður kenndur nú á haustönn. Þar verður lögð áhersla á umhverfisvitund, samfélagslega ábyrgð og gagnrýna hugsun þegar kemur að umhverfismálum.

Forstöðumaður Rifs mun taka þátt í málstofu um mikilvægi ferskvatnsvöktunar og -rannsókna á norðurslóðum á [Arctic Circle](#) ráðstefnunni í ár. Þátttaka í INTERACT heldur áfram, og sækir Rif næsta fund samstarfsins sem fram á Svalbarða í lok október.

Vinna vegna samhæfingar þurrlandisvöktunarhóps CBMP verður töluverð í vetur en stefnt er að því að fyrstu lokadrög að vísindagreinum hópsins verði tilbúin í byrjun apríl 2018. Þá verður áfram unnið að áætlanagerð vegna skipulags og uppbyggingar vöktunar á Melrakkaslettu í samstarfi við meðlimi INTERACT vinnupakka 7. Stefnumótun stöðvarinnar verður einnig í forgrunni í vetur en Rif ætlar sér að taka virkan þátt í þeirri vinnu sem nú fer í hönd vegna formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu 2019-2021.

Framtíðarhorfur

Starfsemi Rannsóknastöðvarinnar Rifs á sér mikla samsvörun í stefnu og skuldbindingum íslenskra stjórnvalda í loftslags- og norðurslóðamálum, þátttöku í Norðurskautsráðinu og yfirvofandi formennsku Íslands svo og þeirri auknu kröfu sem gerð er til vistkerfisvöktunar. Þá eru jákvæð áhrif stöðvarinnar á byggðarlagið töluverð, m.a. hvað varðar framboð og fjölbreytni atvinnutækifæra og aukinn virðisauka til samfélagsins í gegnum verslun og þjónustu við þá gesti er hana sækja heim. Þátttaka í ýmsum verkefnum hefur skilað Rifi ákveðnu fjármagni sem þó nýtist ekki allt til almenns reksturs.

Ekki er annað hægt að segja en að Rannsóknastöðin Rif hafi sannað gildi sitt sem nauðsynleg viðbót við þá aðstöðu og utanumhald sem í boði er hvað varðar vöktun og rannsóknir á vistkerfum norðurslóða. Vonum við því að ráðamenn og stofnanir sjái þann hag sem felst í áframhaldandi stuðningi við starfsemi stöðvarinnar svo við getum haldið áfram þeirri góðu vinnu sem hafin er.



F.V. Veronica Mendez, Guðmundur Örn Benediktsson og José Alves við rannsóknir á tjöldum (*Haematopus ostralegus*) á Melrakkaslettu.